

TIL KENNARA



TILURÐ

Skv. könnun Capacent Gallup frá ágúst 2008 er viðhorf almennings til endurvinnslu mjög jákvætt en tæp 94% landsmanna telja endurvinnslu mikilvæga. Kannanir sýna þó að sá hópur sem síst flokkar úrgang er á aldrinum 16-24 ára. Til að ná til þessa hóps ákvað Úrvinnslusjóður í samstarfi við Íslenska gámafélagið, Gámaþjónustuna, Endurvinnsluna og Sorpu að ráðast í gerð þessa kennsluefnis sem hlotið hefur nafnið **Í þínum höndum – Nokkur sannleikskorn um endurvinnslu**.

MARKMIÐ

Kennsluefninu er umfram allt ætlað að vekja nemendur til umhugsunar um hversu mikið rusl fellur til daglega og sýna fram á mikilvægi þess að flokka sitt eigið rusl til endurvinnslu. Lögð er áhersla á að veita upplýsingar um ferli úrgangs í samfélaginu og hvað megi endurvinnna. Að yfirferð lokinni ættu nemendur að hafa öðlast næga vitneskju um hvar hægt sé að leita frekari upplýsinga og kjark til að stíga skrefi lengra.

INNIHALD

Kennsluefninu er skipt niður í fimm hluta:

- **Bækling** **Í þínum höndum – Nokkur sannleikskorn um endurvinnslu:** Hér eru settar fram upplýsingar um efnið sem nýttast ættu kennurum og nemendum.
- **Glærur** Til notkunar í einni 60 mínútna kennslustund ásamt verkefni sem nemendur leysa heima. Gert er ráð fyrir að myndbandið verði sýnt í kennslustundinni samfara yfirferð á glærum.
- **Myndband** Til viðbótar glærunum í lok tíma eða fyrr.
- **Aukaverkefni** Hér eru nefnd tíu verkefni til viðbótar því sem er í glærupakkanum ef tími gefst til frekari yfirferðar.
- **Til kennara** Hér eru settar fram upplýsingar um tilurð námsefnisins, markmið, námsmat og fyrirkomulag.

NÁMSGÖGN

Eðli málsins samkvæmt er ekki reiknað með því að kennari útteili pappír til nemenda á meðan á yfirferð stendur, heldur notist að mestu við skjávarpa, tölvu og töflu. Nemendur sem skila úrlausnum á pappír skulu beðnir um að skrifa báðum megin á pappírinn. Þó er lagt til að úrlausnum sé skilað á rafrænu formi.

KENNSLUADFERÐIR

Gengið er út frá því að kennari nýti hvert tækifæri sem gefst til umræðu- og spurnaraðferða, þannig að allir taki þátt.

ÁHUGAVERÐIR TENGLAR

www.urvinnslusjodur.is	(Úrvinnslusjóður)
www.sorpa.is	(SORPA)
www.gamar.is	(Gámaþjónustan)
www.endurvinnslutunnan.is	(Endurvinnslutunna Gámaþjónustunnar)
www.gamur.is	(Íslenska gámafélagið)
www.recyclenow.com	(Bresk síða um endurvinnslu)
www.samband.is/dagskra21/	(Staðardagskrá 21)
http://local.is.eea.europa.eu	(Umhverfisstofnun Evrópu - upplýsingar til að bæta ástand umhverfis í Evrópu)
http://sorpa.is/user/cat/show/16/96/	(Handbókin Skref fyrir skref sem gefin er út af Landvernd og umhverfisráðuneytinu)

UM ÚRVINNSLUSJÓÐ

Markmið Úrvinnslusjóðs eru að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja víðeigandi förgun spilliefna.

SÉRSTAKAR ÞAKKIR

SORPA, Gámaþjónustan, Íslenska gámafélagið, Landvernd og kennarar sem lásu efnið yfir.